

## Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2017, miðvikudaginn 7. júní kl. 9.07, var haldinn 194. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstödd voru: Hjálmar Sveinsson, Karl Sigurðsson, Gísli Garðarsson, Sverrir Bollason, Halldór Halldórsson, Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir og Sigurborg Ó. Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Nikulás Úlfar Músson, Þorsteinn Hermannsson, Gunnar Már Jakobsson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson og Marta Grettisdóttir. Fundarritari er Harri Ormarsson.

### Þetta gerðist:

#### (D) Ýmis mál

1. Gæðastjórnunarkerfi (ISO 9001), Mál nr. US170178  
byggingarfulltrúi Reykjavíkur

Kynntar niðurstöður ytri úttektar hjá embætti byggingarfulltrúa Reykjavíkur.  
Kynnt.

Pétur Helgason fulltrúi frá Vottun h/f tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Hallarmúli 2, málskot (01.261.1) Mál nr. SN170343  
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík

Lagt fram málskot Yrki arkitekta ehf., dags. 10. apríl 2017, vegna afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 24. mars 2017 um að hækka húsið á lóð nr. 2 við Hallarmúla, auka byggingarmagn og stækka byggingarreit til samræmis við nærliggjandi byggð. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. mars 2017.

Fyrri afgreiðsla skipulagsfulltrúa frá 24. mars 2017 staðfest.

Umhverfis- og skipulagsráð leggur enn fremur áherslu á að dregið verði úr byggingarmagni til vesturs þar sem gert verði ráð fyrir garðrými á lóð.

Sigurborg Ó. Haraldsdóttir og Karl Sigurðsson víkja af fundi undir þessum lið.  
Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

#### (E) Umhverfis- og samgöngumál

3. Fræðsluáttak og gjaldtökuheimild vegna notkunar nagladekkja., Mál nr. US170162

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur, dags. 15. maí 2017, um fræðsluáttak og gjaldtökuheimild vegna notkunar nagladekkja. Einnig er lögð fram tillaga að lagaákvæði í umferðarlögum um heimild til gjaldtöku vegna notkunar negldra hjólbarða.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram eftirfarandi breytingartillögu:

Breytingartillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Áslaugar Maríu Friðriksdóttur og Herdísar Önnu Þorvaldsdóttur er sú að aftan við fyrirbyggjandi tillögu bætist eftirfarandi ákvæði: "Heimild um gjaldtöku vegna nagladekkja verði aldrei samþykkt nema að undangenginni íbúakosningu í sveitarfélaginu þar sem að minnsta kosti helmingur íbúa styðji gjaldtöku. Slík kosning gæti verið rafræn.

Lögð fram breytt tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Halldórs Halldórssonar og Herdísar Önnu Þorvaldsdóttur:

Breytingartillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Halldórs Halldórssonar og Herdísar Önnu Þorvaldsdóttur er sú að aftan við fyrirbyggjandi tillögu bætist eftirfarandi ákvæði:

Heimild um gjaldtöku vegna nagladekkja verði ekki samþykkt nema að undangenginni íbúakosningu í Reykjavík þar sem að minnsta kosti helmingur kjósenda styðji gjaldtöku. Slík kosning gæti verið rafræn.

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Halldórs Halldórssonar og og Herdísar Önnu Þorvaldsdóttur tekin til atkvæðagreiðslu og felld með 4 atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar Hjálmars Sveinssonar og Sverris Bollasonar, fulltrúa Bjartrar framtíðar Karls Sigurðsson og fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísla Garðarssonar gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokks Halldórs Halldórssonar og Herdísar Önnu Þorvaldsdóttur.

Fulltrúi framsóknar og flugvallarvina Guðfinnu J. Guðmundsdóttur situr hjá og bókar:

Orðalag þessarar tillögu gengur ekki upp í lagatexta

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Sverrir Bollason, fulltrúi Bjartrar framtíðar Karl Sigurðsson og fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísla Garðarsson og áheyrnarfulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir bóka:

Notkun nagladekkja veldur verulegri svifryksmengun sem er hættuleg heilsu fólks, ekki síst smábarna og þeirra sem eru veikir fyrir. Umhverfisstofnun Evrópusambandsins áætlað að á Íslandi hafi um hundrað manns látist ótímabært af völdum loftmengunar árið 2015. Sérfræðingar Umhverfisstofnunar Íslands telja nagladekk jafnframt valda 60 til 100 sinnum meira sliti á malbiki en dekk án nagla, sem hefur í för með sér 200-300 milljóna króna kostnað fyrir borgarbúa á hverju ári. Samkvæmt mengunarbótareglunni telst eðlilegt að þeir sem valdi mengun gjaldi fyrir hana en kostnaðurinn leggist ekki á aðra. Því er fullkomlega sanngjarnt að notkun nagladekkja verði gerð gjaldskyld. Íbúakosningar skapa skilyrði til aukinnar upplýsingamiðlunar til almennings, efla almenning til lýðræðislegrar þátttöku og mynda þannig sameiginlega ábyrgð. En þar sem íbúakosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur tíðkast hvað mest er ekki hefð fyrir því að kosið sé um skatta og gjöld og fyrir því eru rökréttar ástæður. Jafnframt væri vægast sagt ótækt annaðhvort að biðja ráðherra setja lög þar sem eitt sveitarfélag er tekið út fyrir sviga eða að fara fram á það að hendur annarra og töluvert fámennari sveitarfélaga séu bundnar af ákvörðunum Reykjavíkur.

Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur, dags. 15. maí 2017 um fræðsluáttak og gjaldtökuheimild vegna notkunar nagladekkja samþykkt.

Umhverfis- og skipulagssviði er jafnframt falið að koma tillögu að lagabreytingu á framfæri við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Alþingi.

Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur, dags. 15. maí 2017, um fræðsluáttak og gjaldtökuheimild vegna notkunar nagladekkja tekin til atkvæðagreiðslu og samþykkt með 4 atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar Hjálmars Sveinssonar og Sverris Bollasonar, fulltrúa Bjartrar framtíðar Karls Sigurðsson og fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísla Garðarssonar gegn þremur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokks Halldórs Halldórssonar og Herdísar Önnu Þorvaldsdóttur og fulltrúa framsóknar og flugvallarvina Guðfinnu J. Guðmundsdóttur sem jafnframt bóka:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina Halldór Halldórsson, Herdís Þorvaldsdóttir og Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir leggjast gegn samþykkt meirihlutans í umhverfis- og skipulagsráði um gjaldtöku vegna nagladekkja. Meirihlutinn felldi tillögu Sjálfstæðisflokksins um að heimild yrði ekki samþykkt nema að undangenginni íbúakosningu. Mikilvægt er að hafa í huga að borgarþáttar sem nota nagladekk gera það vegna þess að þeirra öryggisfinning segir þeim að þannig séu þeir öruggari í umferðinni. Auk þess búa margir í íbúðargötum þar sem mikill halli er og léleg þjónusta. Þessir íbúar hafa ekki fundið aðra leið en að nota nagla. Með gjaldtöku er verið að refsast þeim fyrir að búa á stöðum þar sem íbúðargötur eru ekki almennilega færar marga daga í röð þar sem þær eru ekki mokaðar. Til að gera nagladekk óþörf þarf betri vetrarþjónustu en er í boði í dag. Hluti röksemdarfærslu meirihlutans fyrir því að hefja gjaldtöku vegna nagladekkja snýr að svifryki. Besta leiðin til að vinna gegn svifryki er að þrifa göturnar oft en það hefur verið vanrækt.

4. Sjálfkeyrandi ökutæki, minnisblað varðandi líkleg áhrif og tímalína innleiðingar Mál nr. US170179

Lagt fram minnisblað umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 2. júní 2017 varðandi líkleg áhrif og tímalína innleiðingar. Kynnt.

#### (A) Skipulagsmál

5. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 2. júní 2017.

6. Aðalskipulagsbreyting, stefna um íbúðarbyggð, heimildir um fjölda íbúða, lýsing Mál nr. SN160793

Að lokinni auglýsingu er lagt fram að nýju bréf Skipulagsstofnunar, dags. 22. mars 2017, þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við birtingu auglýsingar, þegar tekið hefur verið tillit til athugasemda stofnunarinnar. Einnig er lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. febrúar 2017, uppfærð 31. mars 2017, og umsögn deildarstjóra aðalskipulags Reykjavíkur, dags. 31. mars 2017. Tillagan var auglýst frá 7. apríl til og með 22. maí 2017.

Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Kristján Sveinlaugsson f.h. Þingvangs ehf., dags. 18. apríl 2017, Dagfinnur Stefánsson, dags. 19. maí 2017, Alfhild Nielsen f.h. ByggáBIRK, Hagsmunafélags eigenda einkabygginga á Reykjavíkurflugvelli, dags. 20. maí 2017, ásamt bréfi, dags. 1977, sem fylgir nokkrum innsendum athugasemdum, Erling Jóhannesson og Alfhild Nielsen, dags. 20. maí 2017 og viðhengi, Halldór Jónsson stjórnarm. ByggáBirk, Hagsmunafélags eigenda einkabygginga á Reykjavíkurflugvelli, dags. 20. maí 2017, ásamt bréfi, dags. 1977, Magnús Brimar Jóhannsson f.h. Skildinga ehf., dags. 20. maí 2017, Guðmundur Unnsteinsson, f.h. Flugklúbbs Íslands ehf., dags. 20. maí 2017, Hafsteinn Linnet, dags. 20. maí 2017, Pétur Halldórsson, dags. 21. maí 2017, Hallgrímur Ó. Guðmundsson, dags. 22. maí 2017, Ingibjörg Petra Bryde, dags. 22. maí 2017, Úlfar Henningsson og Hólmfríður E. Guðmundsdóttir f.h. Garðaflugs ehf., dags. 22. maí 2017, Friðbjörn Orri Ketilsson f.h. Flugfélagsins Geirfugl ehf. og Svalls Lofts ehf., dags. 22. maí 2017, Bjarni Bærings, dags. 22. maí 2017, Haraldur Unason Diego f.h. Stjórnar Félags íslenskra einkaflugmanna (AOPA Ísland) og Vélflugfélags Íslands, dags.

22. maí 2017 og Aðalsteinn Jörundsson, dags. 22. maí 2017. Einnig er lögð fram umsögn deildastjóra aðalskipulags dags. 2. júní 2017.

Samþykkt með vísan til umsagnar deildastjóra aðalskipulags dags. 2. júní 2017.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Halldór Halldórsson og Herdís Anna

Þorvaldsdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúi framsóknar og flugvallarvina Guðfinna J. Guðmundsdóttir situr hjá og bókar

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina er ekki sammála því að felldar séu niður heimildir um byggingu íbúða við Köllunarklett og situr því hjá.

Vísað til borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Aðalskipulag Reykjavíkur, Lóuhólar 2-6, (04.642.7) Mál nr. SN170459  
breyting á aðalskipulagi

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna lóðar nr. 4-6 við Lóuhóla, dags. maí 2017. Um er að ræða lítilsháttar breytingu á þéttbýlisupprætti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, varðandi afmörkun verslunar- og þjónustusvæðis (VP) við Lóuhóla 2-6.

Samþykkt skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Aðalskipulag Reykjavíkur, (04.613) Mál nr. SN170460  
Stekkjarkakki, verkefnislýsing  
skipulagsgerðar og umhverfismats

Lögð fram verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna Stekkjarkakka milli Reykjanesbrautar og Höfðabakka, dags. júní 2017. Breytingin felst í að horfið er frá fyrirhugaðri færslu götu til norðurs.

Verklýsing, ásamt matslýsingu samþykkt skv. 30. gr. 1. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. Háteigsvegur 43, breyting á deiliskipulagi (01.254.2) Mál nr. SN170180  
551298-3029 Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Lögð fram umsókn Orkuveitu Reykjavíkur, mótt. 28. febrúar 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 43 við Háteigsveg. í breytingunni felst afmörkun lóðar, samkvæmt tillögu, ódags. Einnig er lagður fram tölvupóstur Orkuveitu Reykjavíkur dags. 29. maí 2017 þar sem erindið er dregið til baka. Erindið dregið til baka samkvæmt tölvupósti Orkuveitu Reykjavíkur dags. 29. maí 2017.

10. Hverfisgata 106, breyting á deiliskipulagi (01.174.1) Mál nr. SN170137  
440507-1310 Gunnfáanar ehf., Ármúla 38, 108 Reykjavík  
700316-0250 Noland Arkitektar ehf., Kjóahrauni 12, 220 Hafnarfjörður

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Noland Arkitekta ehf., mótt. 14. febrúar 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.1 vegna lóðarinnar nr. 106 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst hækkun á mæni,

settir eru skilmálar um kvisti og svalir auk þess sem nýtingarhlutfall er hækkað, samkvæmt uppdr. Noland Arkitekta ehf., dags. 14. febrúar 2017. Tillagan var grenndarkynnt frá 6. apríl til og með 4. maí 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Eysteinn Már Sigurðsson, Morgane Priet-Mahéo, Halldór Heiðar Bjarnason og Lilian Pineda, dags. 3. maí 2017, Þórir Gunnarsson, dags. 4. maí 2017 og Karl Pálsson, dags. 6. maí 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2017.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2017.

Vísað til borgarráðs

Guðlaug Erna Jónsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. Borgartún 24, breyting á deiliskipulagi (01.221.1) Mál nr. SN170457  
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Yrki arkitekta ehf., mótt. 1. júní 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 24 við Borgartún í samræmi við rammaskipulag samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði 5. apríl 2017. Í breytingunni felst breyting á atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði með allt að 65 íbúðum, lifandi jarðhæðir og bílastæði í bílakjallara. Lögð er áhersla á góðar göngutengingar í gegnum svæðið, mannlegan kvarða og góða aðstöðu fyrir hjólandi vegfarendur. Tillagan gerir ráð fyrir auknu byggingarmagni og hækkar nýtingarhlutfall á lóð úr 0,83 í 1,96, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf., dags. 1. júní 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Sverrir Bollason og Sigurborg Ósk Haraldsdóttir víkja af fundi undir þessum lið.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### **(B) Byggingarmál**

12. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423  
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 927 frá 6. júní 2017.

### **(C) Fyrirspurnir**

13. Klapparstígur 29, (fsp) breyting á notkun (01.172.0) Mál nr. SN170284  
520117-0670 KS 29 ehf., Hlíðasmára 4, 201 Kópavogur  
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Yrki arkitekta ehf., mótt. 27. mars 2017, um að breyta hársnyrtistofu á 1. hæð hússins á lóð nr. 29 við Klapparstíg í veitingastað í flokki II. Einnig er lagt fram bréf Yrki arkitekta ehf., dags. 27. mars 2017, og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. apríl 2017.

Jákvætt er tekið í að fyrirspyrjandi láti vinna breytingu á deiliskipulagi á eigin kostnað, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 28. apríl 2017.

Sverrir Bollason og Gísli Garðarsson hjá við afgreiðslu málsins.  
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir víkur af fundi undir þessum lið.

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (D) Ýmis mál

14. Betri Reykjavík, körfuknattleiksvöllur við Dverga- og Eyjabakka (USK2017050059) 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík Mál nr. US170173

Lagt fram erindið "körfuknattleiksvöllur við Dverga- og Eyjabakka" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 17. maí 2017. Erindið var þriðja efsta hugmynd aprílmánaðar á samráðsvefnum og jafnframt efst í málaflokknum framkvæmdir.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, framkvæmda og viðhalds.

15. Betri Reykjavík, göngubrá á Miklubraut við 365 í stað gangbrautar (USK2017050060) 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík Mál nr. US170175

Lagt fram erindið "göngubrá á Miklubraut við 365 í stað gangbrautar" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 17. maí 2017. Erindið var fjórða efsta hugmynd aprílmánaðar á samráðsvefnum og jafnframt efst í málaflokknum samgöngur.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra.

16. Betri Reykjavík, höfum 2 Miðgarða (e. Central Parks) í miðborg Reykjavíkur 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík Mál nr. US170176

Lagt fram erindið "höfum 2 Miðgarða (e. Central Parks) í miðborg Reykjavíkur" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 17. maí 2017. Erindið var önnur efsta hugmynd aprílmánaðar á samráðsvefnum og jafnframt efst í málaflokknum umhverfismál.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, umhverfisgæða.

17. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, viðmið um skuggavarp vegna hæðar og staðsetningu trjáa Mál nr. US170132

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 29. mars 2017 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins til að umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur verði gert skoða hvort setja megí viðmið um skuggavarp vegna hæðar og staðsetningu trjáa í þéttri byggð til tryggja birtu í gördum og hýbýlum fólks og þar með grunn lífsgæði. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, umhverfisgæða dags. 2. júní 2017.

Tillagan samþykkt með vísan til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, umhverfisgæða dags. 2. júní 2017.

18. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, örva innleiðingu vistvænna lausna með tilliti til loftslagsstefnunnar Mál nr. US170141

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 5. apríl 2017 var lög fram eftarfarandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Umhverfis- og skipulagsráð samþykki að skoða hvernig innleiða megí hvata í skipulagið á uppbyggingarsvæðum borgarinnar í því skyni að örva innleiðingu

vistvænna lausna með tilliti til loftslagsstefnunnar meðal annars. Einnig verði skoðað hvort skilgreina megi næsta nýtt hverfi innan Reykjavíkur sérstaklega fyrir vistvænar nýjungargjarnar lausnir þar sem jafnvel yrðu settar meiri kröfur til aðila sem fá úthlutuðum lóðum.

Fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísli Garðarsson leggur til að tillögunni verði vísað frá.

Frávísunartillagan samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmars Sveinssonar og Sverris Bollasonar, fulltrúa Bjartrar framtíðar Karls Sigurðssonar og fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísla Garðarssonar gegn þremur atkvæðum fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Halldórs Halldórssonar og Herdísar Önnu Þorvaldsdóttur og fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina Guðfinnu J. Guðmundsdóttur.

19. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US170128  
innleiða menningarstefnu inn í skipulag

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 22. mars 2017 var lögð fram eftirfarandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að skoða hvernig innleiða má menningarstefnu borgarinnar inn í skipulag með árangursríkari hætti en verið hefur. Skoða verði hvernig hægt er að draga einkenni hverfanna fram og hvort styrkja megi svæði ákveðnum ákveðnum menningarverkefnum. Þannig mætti til dæmis skipuleggja sérstök svæði tileinkuð tónlist eða hönnun og margt fleira í þeim dúr." Frestað.

20. Lækjargata 10 og 12, Vonarstræti 4-4b og (01.141.2) Mál nr. SN170331  
Skólabrú 2, kæra 41 og 42/2017, umsagnir  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lögð fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 6. apríl 2017 ásamt kæru 41/2017 og dags. 10. apríl 2017 ásamt kæru 42/2017, þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi vegna Lækjargötu 10 og 12, Vonarstrætis 4-4b og Skólabrúar 2. Í kærunum er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða. Einnig lagðar fram umsagnir skrifstofu sviðsstjóra, dags. 26. maí 2017 vegna kæru 41/2017 og dags. 29. maí 2017 vegna kæru 42/2017.

### Fundi slitið kl.12.30

Hjálmar Sveinsson

Karl Sigurðsson  
Gísli Garðarsson  
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Sverrir Bollason  
Halldór Halldórsson  
Guðfinna J. Guðmundsdóttir

## Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2017, þriðjudaginn 6. júní kl. 10:15 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 927. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Harri Ormarsson, Jón Hafberg Björnsson og Sigríður Maack. Fundarritari var Harri Ormarsson

### Þetta gerðist:

#### Nýjar/br. fasteignir

1. Aðalstræti 7 (01.140.415) 100856 Mál nr. BN052944  
610593-2919 Lindarvatn ehf., Reykjavíkurlugvelli, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN047437, hætt er við að lyfta húsi, kjallari stækkaður og dýpkaður, bætt við svölum á bakhlið, breytt opnun lyftu o. fl. í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 7 við Aðalstræti.  
Stækkun: 59 ferm., 122,5 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
2. Austurbakki 2 (01.119.801) 209357 Mál nr. BN052849  
430214-1520 Ístak hf., Bugðuflijóti 19, 270 Mosfellsbær  
Sótt er um leyfi til að koma upp vinnubúðum vegna framkvæmda við hótél á reit 5 suðvestan við Hörpu á reit 7 á lóð nr. 2 við Austurbakka.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
3. Álagrandi 6 (01.521.606) 197240 Mál nr. BN052940  
061169-3859 Sigurjón Ólafsson, Álagrandi 6, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja timburhús sem nota á sem tómstundahús með einhalla þaki, með steiptum sökklum og steyptri og einangraðri gólfplötu, innrétta baðherbergi og eldunaraðstöðu á lóð nr. 6 við Álagranda.  
Stærð: 34 ferm., 121,6 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
4. Bergþórugata 5 (01.190.226) 102429 Mál nr. BN052682  
070158-6049 Vilborg Ámundadóttir, Fagraþing 4, 203 Kópavogur  
080455-4379 Yngvi Sindrason, Fagraþing 4, 203 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu til vesturs og til austurs, byggja rishæð og innrétta fjórar íbúðir í einbýlishúsi á lóð nr. 5 við Bergþórugötu.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. júní 2017 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. júní 2017.  
Stækkun: 209,1 ferm., 614,2 rúmm.  
Stærð eftir stækkun, A-rými: 442 ferm., 1.332,2 rúmm.  
B-rými: 110,6 ferm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrú dags. 2. júní 2017.

5. BÍLDSHÖFÐI 8 (04.064.001) 110667 Mál nr.  
BN052886  
701277-0239 Brimborg ehf., Bíldshöfða 6, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja smávörulager við suðurhlíð húss á lóð nr. 8 við Bíldshöfða.  
Stærðir: x ferm., x rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
6. Blikastaðavegur 2-8 204782 Mál nr.  
BN052943  
581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík  
Sótt um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými I og J á milli mátlína 11-15 í verslunarhúsi á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
7. Brúnaland 2-40 3-21 (01.852.002) 108765 Mál nr.  
BN052548  
220352-2779 Kristín Auður Sophusdóttir, Ánaland 6, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta áður gert útgrafið rými í kjallara og innrétta tómstundaherbergi, geymslu og baðherbergi ásamt því að grafa frá húshlíð að norðanverðu á húsi á lóð nr. 21 við Brúnaland.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. mars 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. mars 2017.  
Stækkun: A-rými 45,1 ferm., x rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
8. Drápuhlíð 36 (01.713.006) 107217 Mál nr.  
BN052838  
190649-3939 Helga Benediktsdóttir, Drápuhlíð 36, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteyptan bílskúr við austurhlíð lóðar upp við lóðarmörkum nr. 38 á lóð fjölbýlishúss nr. 36 við Drápuhlíð.  
Bréf frá hönnuði dags. 9. maí 2017, Eignaskiptayfirlýsing dags. 20 nóv. 2011 og bréf hönnuðar dags. 31. maí með samþykki sumra dags. 26. maí 2017 fylgir.  
Stærð bílskúr: 28,0 ferm., 85,4 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Umsókn er í grenndarkynningu.
9. Efstasund 79 (01.410.118) 105001 Mál nr.  
BN052949  
050670-3849 Hrafnhildur Brynjólfssdóttir, Efstasund 79, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN046936, um er að ræða að uppfæra brunamerkingar í húsinu á lóð nr. 79 við Efstasund.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

10. Eggertsgata 2-34 (01.634.-99) 106682 Mál nr.  
BN052738  
540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að steipt hefur verið skyggni við inngang, anddyri stækkað og settar hafa verið upp svalalokanir samhliða viðhaldsframkvæmdum, auk þess sem minniháttar breytingar hafa verið gerðar á geymslum á 1. og 2. hæð í húsi nr. 2-4 á lóð nr. 2-34 við Eggertsgötu.  
Stækkun: A-rými 5,2 ferm., 14,7 rúmm.  
Sjá erindi BN049710.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
11. Einimelur 19 (01.525.101) 106065 Mál nr.  
BN052959  
011068-3839 Jórunn Ósk Frímannsd Jensen, Einimelur 19, 107 Reykjavík  
021067-8309 Hörður Ólafsson, Einimelur 19, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta gluggum í kvistum á suðurhlið með því að síkka þá og koma fyrir hurð út á pall á húsinu á lóð nr. 19 við Einimel.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
12. Framnesvegur 40 (01.133.413) 100291 Mál nr.  
BN052832  
451015-2300 Framnesvegur ehf., Krókamýri 56, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til að byggja fimm íbúða fjölbýlishús úr forsteyptum samlokueiningum á lóð nr. 42 við Framnesveg.  
Stærð, A-rými: 441,4 ferm., 1.304,2 rúmm  
B-rými: 22,4 ferm., 62,7 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
13. Framnesvegur 42 (01.133.414) 100292 Mál nr.  
BN052831  
451015-2300 Framnesvegur ehf., Krókamýri 56, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til að byggja fjögurra íbúða fjölbýlishús úr forsteyptum samlokueiningum á lóð nr. 42 við Framnesveg.  
Stærð, A-rými: 446 ferm., 1.319,7 rúmm  
B-rými: 19,7 ferm., 55,1 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
14. Friggjarbrunnur 10-12 (05.055.105) 205896 Mál nr.  
BN052967  
570907-0260 HB eignir ehf., Haukdælabraut 102, 113 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á erindi BN035242 vegna lokaúttektar þannig að geymslum er breytt í baðherbergi og verandir eru stækkaðar á lóð nr. 10-12 við Friggjarbrunn.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

15. Friggjarbrunnur 51 (02.693.101) 205822 Mál nr.  
BN052509  
660696-2029 Bygg Ben ehf, Vesturlbr Fífilbrekku, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN049156, sett er inn kvöð um aðkeyrslu að bílgeymslu yfir lóð 47A, útfærslu svala 0404 breytt, innra skipulagi kjallara breytt og komið fyrir sorpgeymslu á lóð fjölbýlishúss nr. 51 við Friggjarbrunn.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.  
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífir áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.  
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
16. Friggjarbrunnur 53 (02.693.103) 205831 Mál nr.  
BN052833  
670513-0170 RED ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta fyrirkomulagi stæða í bílgeymslu, skiptingu svala á 5. hæð og fyrir breyttum frágangi þaka, sjá erindi BN048621, á fjölbýlishúsi á lóð nr. 53 við Friggjarbrunn.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísad til athugasemda eldvarnareftirlits á umsóknarblaði.
17. Gnoðarvogur 43 (01.440.301) 219761 Mál nr.  
BN052977  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að skipta út og breyta glerveggjum og hurðum við skrifstofur og kennslustofur á 1. og 2. hæð Vogaskóla á lóð nr. 43 við Gnoðarvog.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
18. Gnoðarvogur 44-46 (01.444.101) 105528 Mál nr.  
BN052829  
551215-1210 ADHG ehf., Baldursgötu 30, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN051965 þar sem farið er fram á að steypa kassa með stálhurð að framan fyrir gaskúta við norðvesturhlíð veitingarstaðarins í mhl. 02 rými 0101 í húsinu nr. 46 á lóð nr. 44 til 46 við Gnoðarvog.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
19. Grandagarður 2 (01.115.301) 100058 Mál nr.  
BN052934  
160951-3979 Ernst Jóhannes Backman, Lindarflöt 36, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til að setja upp skilti á horni Rastargötu og Grandagarðs sem verður þríhyrnt á steiptum sökkli á borgarlandi fyrir utan lóð nr. 2 við Grandagarð.

Teikning frá umsækjanda fylgir.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

20. Grandagarður 8 - göngubryggja (01.115.101) 100046 Mál nr.  
BN052791  
601003-2520 Bjarnar ehf, Borgartúni 30, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja göngubrú sem tengir gönguleið frá Rastagötu að bryggju við Sjóminjasafn og liggur að húsi á lóð nr. 8 við Grandagarð.  
Erindi fylgir samþykki Faxaflóahafna dags. 24. apríl 2017 og útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. júní 2017 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. júní 2017.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 2. júní 2017.
21. Grandagarður 11 (01.115.206) 100053 Mál nr.  
BN052968  
530317-0990 Reykjavík Napólí ehf., Hverfisgötu 50, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í fl. II tegund ?? með 30 gestum í rými 0101 í nr. 11 og loka á milli húsa nr. 9 og 11 á lóð nr. 9- 11 við Grandagarð.  
Samþykki eiganda dags. 18 maí 2017 fylgir.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
22. Grenimelur 3 (01.541.404) 106345 Mál nr.  
BN052246  
240181-3049 Margrét Helga Ögmundsdóttir, Grenimelur 3, 107 Reykjavík  
281177-4949 Þorvarður Sveinsson, Grenimelur 3, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja svalir á suðurhlið rishæðar og kvisti á þaki á húsi á lóð nr. 3 við Grenimel.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. febrúar 2017 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. febrúar 2017.  
Stækkun: 10,8 ferm., 35,6 rúmm.  
Bréf hönnuðar dags. 16. janúar 2017 fylgir erindi ásamt samþykki meðeigenda ritað á teikningu ódags.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
23. Hafnarstræti 1-3 (01.140.005) 100817 Mál nr.  
BN052631  
620393-2159 Strjúgur ehf., Rúgakur 1, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki III. teg. A á 1. hæð í austurenda Fálkahússins og fjölga gluggum á viðbyggingu á norðurhlið hússins, sjá erindi BN050841, á lóð nr. 1-3 við Hafnarstræti.  
Með erindi BN050841 fylgdi hljóðvistarskýrsla og umsögn Minjastofnunar Íslands  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
24. Hagamelur 67 (01.525.007) 106064 Mál nr.  
BN052647  
611105-0960 Fisherman ehf., Aðalgötu 15, 430 Suðureyri

710591-1649 Blómagallerí ehf., Hagamel 67, 107 Reykjavík  
701293-5099 Úlló ehf., Aflagrandi 35, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi rýmis 0101 þannig að bókabúð og kaffihúsi er breytt í fiskverslun á lóð nr. 67 við Hagamel.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

25. Hagatorg 1 (01.55-.-97) 106504 Mál nr.  
BN052807  
650893-2989 Bændahöllin ehf., Hagatorgi 1, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að rífa hluta 1. hæðar og byggja nýja viðbyggingu, breyta innra fyrirkomulagi í kjallara og á 1. og 2. hæð, ásamt því að endurnýja hluta glugga á austur og vestur hlið í hóteli á lóð nr. 1 við Hagatorg.  
Stærðarbreytingar:  
Niðurrif: XX ferm., XX rúmm.  
